95 11. júlí. laga, sje að yðar ætlun að eins átt við fiskitegundir þær, sem venjulega hafa verið útfluttar hjeðan, sem sje þorskkynjaða fiska, þorsk, ísu, löngu, keilu og upsa, en ekki við allar fisktegundir yfir höfuð, eins og ljóst sje af því, að sjerstakt gjald sje lagt á síld og lax, og sje það álit yðar, að hemild bresti til þess að heimta útflutningsgjald af kola.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg af ástæðum þeim, er þjer þannig hafið tekið fram, og með því að sú skoðun, að koli falli ekki undir 2. lið í 2. gr. í nefndum lögum, enn fremur styrkist af því, að gjaldið er þar reiknað eptir tölu en ekki eptir þyngd eða ílátamáli, hlýt jeg að vera yður samdóma um það, að heimild bresti til að heimta gjald af niðursöltuðum kola.

96 4. ágúst. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu* **um hve verja skuli styrkshluta suðuramtsins af gullbrúðkaupssjóði Bjarna amtm. Þorsteinssonar og konu hans árin 1892—1894.** — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 19. f. m., skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg er því samþykkur, að styrk þeim, sem þetta ár og tvö næstu ár (1892—1894 incl.) á að hlotnast Suðuramtinu af gullbrúðkaupslegati Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans frú Þórunnar Hannesdóttur sje varið til brúargjörðar á Hólmsá við austanverðan Mýrdalssand, eins og hlutaðeigandi amtsráð hefur lagt til, en styrkurinn getur ekki orðið útborgaður fyrr en verkið er komið á þann rekspöl, að vissa er fyrir að því verði framgengt.

97 9. ágúst. **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um lántökuleyfi handa prestakalli til húsakaupa og jarðabóta.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dags. 5. þ. m. og eptir beiðni prestsins að Borg á Mýrum, sjera Einars Friðgeirssonar, er hlutaðeigandi prófastur hefir mælt með, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til, að tjeður prestur taki lán handa Borgarprestakalli, að upphæð 2000 krónur, gegn veði í tekjum prestakallsins, til þess að hann fyrir annan helming lánsins, eða 1000 krónur, kaupi handa prestakallinu timburhús það, er hann hefur byggt á prestssetrinu, og þann hluta baðstofunnar, sem hann á sjálfur, en að hann fyrir hinn síðari helming lánsins byggi heyhlöðu, er taki 400 til 500 hesta af heyi, og sje með járnþaki og járnlögð utan á grindum gegn veðuráttum, en timburklædd mót norðri og vestri, og að hann fyrir það, sem þá yrði eptir af þessum síðari helmingi lánsins, afgirði hið forna Borgarengi, er liggur með fram víkinni innanverðri milli túnsins á Borg og Borgarnessins, og haldi girðingunni svo áfram með túninu á tvo vegu, þannig, að engjaefni þetta ásamt túninu verði afgirt á þrjá vegu, og að hann enn fremur þurki upp tjeð engjaefni og túnmýrarnar, sem liggja inni í sjálfu túninu.

Lántökuleyfið er bundið þeim skilyrðum:

1. Að lánið sje að fullu endurborgað eigi síðar en á 28 árum.